

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	22.02.22
Málalykill	0010.0
Mál nr.	2202480.



Hafnarfirði 21. febrúar 2022

Krýsuvíkursamtökin / Meðferðarheimilið í Krýsuvík

Ágæti Bæjarstjóri,

Pakka þér fyrir ánægjulegan og upplýsandi fund.

Í Krýsuvík er, sem kunnugt er, rekið meðferðarstarf. Samkvæmt úttekt hefur árangur reynst nokkuð góður og fjöldi þeirra skjólstæðinga sem nær fótfestu og fjöldi þeirra sem eru án áfengis og vímuefna fimm árum eftir meðferð með því hæsta sem gerist hérlandis. Meðferðin rúmar 20-24 einstaklinga í senn og stendur yfir í sex mánuði í það minnsta. Skjólstæðingar okkar eru flestir frá Reykjavík og svo í sambærilegu hlutfalli miðað við fólksfjölda frá Kópavogi, Garðabæ, og Hafnarfirði.

Meðferðin í Krýsuvík er byggð á 12 spora grunni sem er sambærilegt við hugræna atferlismeðferð. Við höfum að auki bætt við áfallameðferð með hjálp Thelmu Ásdísardóttur hjá Drekaslóð. Við stefnum á að styrkja áfallanálgunina og fengið til þess Dr. Sigrúnu Sigurðardóttir til að leiða þá vinnu. Dr. Sigrún er okkar helsti sérfræðingur í áföllum í æsku og áfallamiðaðri nálgun.

Við erum einnig að vinna að samstarfi með High Watch Recovery Center, sem er ein elsta meðferðarstöð USA og hefur einmitt innleitt áfallamiðaða nálgun í sínu meðferðarstarfi sem er byggt á 12 spora grunni. Þeir hafa boðist til að þjálfra starfsfólkið okkar og vera okkur innan handar í að styrkja meðferðarstafið. High Watch er sú meðferðarstöð sem hefur náð hvað mestum árangri með sitt meðferðarstarf, en þeir þurfa að skila árangursmati til tryggingafélaga viðkomandi skjólstæðings.

Rekstur samtakanna er erfiður. Samningur okkar við Félagsmálaráðuneytið eru um 12 milljónir á mánuði og dvalargjald skjólstæðinga er 125.000, er við innheimtum en einungis 80% af dvalargjaldinu er greitt að meðaltali. Þar sem þessi fjármögnun stendur ekki að fullu undir kostnaði við meðferð, hefur Reykjavík og Hafnarfjörður stutt okkur með auka fjármagni og erum við í viðræðum við Kópavogsbæ um slíkt hið sama. Reykjavíkurborg er að vinna í að greiða 125.000 króna mótframlag á móti þeirra skjólstæðingum og er von okkar að í framhaldinu muni slíkur samningur nást við önnur sveitarfélög.

Erindið er því að óska eftir sambærilegu samkomulagi við Garðabæ.

Virðingarfyllt,

Elías Guðmundsson
Framkvæmdastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026